

Miðvikudaginn 3. júní 1953.

Nr. 40/1949. **Kirkjumálaráðherra vegna jarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Jóni Egilssyni, eiganda Selalækjar**

(Magnús Thorlacius).

**Dómendur:**

**Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni**

**Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, próf. Ármann**

**Snævarr og próf. Ólafur Jóhannesson.**

Landamerkjámál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1949. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómnum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Deilt er í máli þessu um landamerki milli Oddajarða og Selalækjar frá vörðu á Smalaskálaholti og út að Ytri-Rangá, en fyrirsvarsmaður Oddajarða og eigandi Selalækjar urðu á dómþingi 28. ágúst 1948 ásáttir um, að tiltekin varða á nefndu holti, sem mörkuð er á uppdrætti, skuli teljast markadepill á holtinu. Verður við það að miða, enda staðfest eftir á af kirkjumálaráðuneytinu. Áfrýjandi telur að draga eigi landamerkjalinuna frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhendingu á Bjólubæ, en stefndi staðhæfir, að hún liggja um tvær vörður, sem eru sunnar á bakka Ytri-Rangár.

Um landamerkin á þrætusvæðinu liggja fyrir tvær landamerkjaskrár. Önnur landamerkjaskráin er fyrir Selalæk. Hana hafa undirritað hinn 19. maí 1890 m. a. Brynjólfur Stefánsson, þá fyrirsvarsmaður Selalækjar, og séra Skúli

Skúlason, fyrrum prestur í Odda. Um mörkin á þrætusvæðinu segir þar: „og frá nefndri vörðu,“ þ. e. á Smalaskálaholti, „beina stefnu í tvær vörður við Ytri-Rangá móts við Bjólu.“ Segir stefndi þetta vera vörðurnar, sem hann hefur lagt girðingu um frá vörðunni á Smalaskálaholti, og bendir þessu til staðfestingar á vottorð Jóns Eiríkssonar, Bjóluháleigu, frá 7. apríl 1908, þar sem hann kveður landamerkin milli Oddajarða og Selalækjar við Ytri-Rangá hafa verið talin liggja um tvær smávörður, er sjáist móts við Bjólu. Hin landamerkjaskráin, er athuga þarf, er fyrir Oddajarðir. Hana undirrituðu 22. maí 1890 m. a. Skúli Skúlason prestur og Brynjólfur Stefánsson. Um landamerkin á þrætusvæðinu segir þar: „Frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja svo mörkin út yfir Oddaflóð sjónhendingu í Bjólubæ.“ Reisir áfrýjandi kröfur sínar á þessari merkjalýsingu, sem hann kveður Oddapresta hafa haldið fast við. Bendir hann og á, að landamerkjabréfið fyrir Odda sé síðar undirritað en Selalækjarbréfið og eigi Oddabréfið því að geyma betri rétt. Því hefur verið haldið fram af hendi stefnda, að nefnt ákvæði landamerkjaskrárinnar fyrir Oddajarðir verði ekki lagt til grundvallar í málinu, þar sem það verði ekki samþýtt öðru ákvæði í sömu landamerkjaskrá, þar sem segir: „að sunnan (ræður) Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólu.“ En ekki verði talið, að sjónhendingarlínan frá vörðunni á Smalaskálaholti og í Bjólubæ liggi yfir bakka Ytri-Rangár „á móts við Bjólu“, heldur sé sú lína ofar. Merking orðalagsins „á móts við Bjólu“ er teygjanleg. Samkvæmt vottorði Brynjólfs Stefánssonar fóru þeir, sem sömdu landamerkjabréfið 22. maí 1890, á Smalaskálaholt. Þeim gat ekki dulizt, hvernig sjónhendingarlínan úr vörðunni þar lá í Bjólubæ. Hljóta þeir því samkvæmt sjálfs sín orðum í landamerkjaskránni að hafa talið sjónhendingarlínuna skera árbakkann „á móts við Bjólu.“ Landamerkjaskráin fyrir Odda er gerð síðar en landamerkjabréfið fyrir Selalæk. Ákvæði Oddabréfsins um, að landamerkin liggi frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhendingu í Bjólubæ, eru ótvíræð og koma auk þess alveg heim við gömul gögn um landamerki á þrætusvæðinu, svo sem áreiðargerð milli Odda og Selalækjar frá 1570, lögfestu

frá 28. ágúst 1681 í Odda, lögfestu Vigfúsar Guðmundssonar á Selalæk frá 13. ágúst 1682, lögfestu 19. janúar 1701 svo og útskrift úr þingbók Rangárvallasýslu af áreiðargerð, er framkvæmd var 1839. Mátti Oddaprestur og eigi gefa upp rétt Oddajarða samkvæmt hinum gömlu gögnum. Samkvæmt öllu því, er nú var rakið, verður landamerkjaskráin fyrir Oddajarðir frá 22. maí 1890 að ganga fyrir landamerkjaskránni fyrir Selalæk frá 19. maí 1890, að því leyti sem skráum þessum kann að bera á milli.

Fyrirsvarsmaður stefnda hreyfði því í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti, að eigendur Selalækjar hafi unnið hefð á þrætulandinu. Í yfirlýsingu frá 25. apríl 1908 telur Brynjólfur Stefánsson undirritun sína undir Oddabréfið reista á misskilningi og kveðst hann hafa látið slá að vörðum þeim, er getur í landamerkjaskrá Selalækjar. Til þessarar notkunar bendir og vætti tveggja sonarbarna Brynjólfs, er dvöldust á Selalæk milli tíu og tuttugu ár í æsku fyrir og eftir síðustu aldamót. En notkun Brynjólfs gat ekki leitt til hefðar, þar sem hún fór í bága við ótvíræð ákvæði landamerkjabréfs Oddajarða, sem hann hafði undirritað. Sigurður Guðmundsson, fyrrum eigandi Selalækjar, lét hinn 25. apríl 1908 þinglýsa yfirlýsingu um, að hann teldi sig eiga landið að vörðum sunnan nefndrar sjónhendingarlínu og kvaðst mundi nytja það. En sóknarpresturinn í Odda lét þegar þinglýsa mótmælum gegn því. Séra Erlendur Þórðarson, er prestur var í Odda árin frá 1918 til 1945, lýsir því, að þess hafi ekki orðið vart, að ábúendur Selalækjar hafi í hans prestsskapartíð slegið leyfislaust suður fyrir sjónhendingarlínuna. Verður ekki talið sannað með þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, að eigendur Selalækjar hafi haft svo langvinnt einkahald á þrætusvæðinu, að til eignarhefðar hafi leitt þeim til handa.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, og samkvæmt 15. gr. laga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

**Dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu 3. nóvember 1948.**

Mál þetta er höfðað 31. maí 1948 af sr. Arngrími Jónssyni sóknarpresti, Odda, Rangárvöllum, sem fyrirsvarsmanni kirkjujarðanna Odda, Langekru, Kraga, Vindáss og Sólvalla, allra í Rangárvallahreppi, gegn Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar í sama hreppi. Af 4 mönnum, útnefndum í landamerkjadóm, ruddu aðiljar sínum manni hvor, og eftir urðu og tóku setu í dóminum ásamt dómsformanni, Birni Björnssyni sýslumanni, þeir Ágúst Andrésson, bóndi í Hemlu, og Páll Björgvinsson, bóndi á Efra-Hvoli.

Málið var dómtekið 13. okt. s.l. Undir rekstri málsins urðu sættir með aðiljum um nokkurn hluta hins upphaflega landamerkjaágreining, þannig að eftir var einungis ágreiningur um síðasta (vestasta) hluta landamerkjalínunnar milli Oddajarða og Selalækjar. En um þessa línu er krafa sóknaraðilja á þessa leið: Hún verði ákveðin frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhending í Bjólubæ. Enn fremur krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til að færa markagirðingu þá, sem hann nú hefur sett upp, þangað sem sjónhendingarlínan segir til um. Krafa varnaraðilja er sú, að frá vörðunni á Smalaskálaholti ráði bein lína í tvær vörður á eystri bakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar úr hendi hins, sóknaraðili að skaðlausu, en varnaraðili samkvæmt mati dómsins. Sáttta hefur verið leitað um ágreining þenna, en árangurslaust. Í maí 1947 hafði varnaraðili ákveðið að girða á landamörkum milli Oddajarða og Selalækjar frá vörðunni á Smalaskálaholti í tvær vörður á eystri bakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Í þessu skyni og til undirbúnings frekari framkvæmda kvaddi varnaraðili hreppstjóra Rangárvallahrepps og fyrirsvarsmenn Oddajarða til sín til nánari ákvörðunar og samþykkis um legu girðingarinnar. Fyrirsvarsmáður Oddajarða taldi þá þessi mörk ekki vera hin réttu, aðallega vegna þess að markið á Smalaskála (varðan) væri ekki rétt mark. Kvaðst fyrirsvarsmáðurinn mundu athuga málið nánar. En ekkert var aðhafzt þetta ár. Næsta ár í maí girti varnaraðili á þeim mörkum, sem hann upphaflega hafði ætlað sér og taldi rétt mörk, frá vörðunni á Smalaskálaholti í tvær vörður á Rangárþakka. Ekki kveður varnaraðili, að þessari girðingarframkvæmd hafi verið þá sérstaklega mótmælt. Þannig stóð málið, þegar það var tekið til dómsmeðferðar.

Upphaflega deildu aðiljar um vörðuna á Smalaskálaholti, en eins og

áður er drepið á, varð m. a. sátt með þeim um, að varðan, sem nú er þar, skyldi rétt mark telja þar efra. Er því einungis ágreiningur um það, hvar markalínan frá vörðunni skuli skera Ytri-Rangá að austanverðu. — Lögð hafa verið fram landamerkjabréf Oddajarða (rskj. nr. 1) og Selalækjar (rskj. nr. 3). Skjöl þessi eru bæði undirrituð og þinglesin sama ár, 1890. Sami maður hefur undirritað bréfin fyrir Oddajarðir, og eins hefur sami maður undirritað þau af hálfu Selalækjar.

Í landamerkjabréfi Oddajarða segir m. a. svo: „Frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja mörkin svo út yfir Oddaflóð sjónhending í Bjólubæ.“ Í upphafi þessa bréfs er komið þannig að orði, þegar rætt er um mörkin út við Ytri-Rangá: „Að sunnan (ræður) Þverá, að vestan Ytri-Rangá, allt þangað til móts við Bjólubæ.“ Selalækjarbréfið segir: „Frá nefndri vörðu (á Smalaskálaholti) beina stefnu í tvær vörður við Ytri-Rangá móts við Bjólu.“ Við þinglestur bréfanna 30. maí 1890 var engin athugasemd við þau gerð.

Að því er snertir vörður þær tvær, sem getur í Selalækjarbréfinu, voru þinglesnar á manntalsþingi 22. maí 1908 yfirlýsingar af hálfu tveggja ábúenda Selalækjar og svo 3ja manns. Á þinginu mótmælti fyrrsvarsmaður Oddans yfirlýsingum þessum „að svo stöddu“. Við þetta hefur svo búið verið þar til nú. Á austanverðum Ytri-Rangárbökkum á hinu umþráttaða svæði eru staðhættir þessir í höfuðatriðum: Þegar komið er á móts við Bjólubæ, sem spölkorn upp af ánni vestan megin, eru tvær þústir austan á bakkanum, hvor upp af annari. Þessar þústir eru nokkuð stærri en þúfur í umhverfinu og líklegt, að þær hafi á sínum tíma verið hlaðnar upp eða að þeim dyttað. Hins vegar verður að telja þær fremur litils háttar, ef landamerkjavörður væru. Við vörður (þústir) þessar er girðing sú, sem varnaraðili setti upp á s.l. vori, og þaðan liggur hún austur á bóginn yfir Oddaflóð upp að vörðunni á Smalaskálaholti. Sé gengið norður bakkana frá þessum þústum og staðnæmzt, þar (á þeim punkti) sem sjónhendingarlína frá Smalaskálaholti beint í Bjólubæ liggur, þá er alls ekki verið á móts við Bjólubæ, heldur talsvert norðar, og væri þá helzt að miða við Steinstóft eða e. t. v. réttara á milli Steinstóftar og Hrafnatófta.

Fráleitt væri með öllu að telja sig vera þar á móts við Bjólubæ. Eftir nánari eftirgrennslan er um engar aðrar þústir eða vörður sérstakar að ræða, sem hugsanlegt væri að geta talið til markavarða.

Í máli þessu hafa verið leidd nokkur vitni, sem gengið hafa á bakkana. Hefur framburður þeirra reynzt óákveðinn og hikandi og alls ekki þannig, að leitt gæti til nokkurrar niðurstöðu um mörkin. Er enda nokkur von þessa, þar eð langur tími er liðinn, frá því þau dvöldust á þessum slóðum, og eigi vitað, að þá væru uppi sérstakar markadeilur né ástæður til glöggvunar á merkjunum. Þá hafa nokkur vottorð verið lögð fram, án þess að þau hafi verið staðfest fyrir dómi. Við athugun á þeim kemur hið sama fram og við framburð vitnanna, að um merkin hefur alls eigi verið hirt né tilraun gerð að ganga skilmerkilega

og endanlega frá þeim. Þess má geta, að tvö þessara vottorða eru undirrituð af manni, sem búsettur var í Odda á 3ja tug ára. En ekki getur hann sagt til haldinna marka á þessum slóðum og tekur sérstaklega fram, að vart hafi verið ástæða til að fylgjast með mörkum á „flóðunum“ og rekur að því orsakir. Sóknaraðili hefur lagt nokkra áherzlu á að fá úr því skorið um merkin með því, að reynt yrði að kveða á um endamörk svokallaðs Helluvaðsstykkis, sem er slægjuland frá Oddajörðum og talið liggja að Selalækjarlandi. En slægjustykki þetta hefur eigi reynzt unnt að afmarka, og eru suðurmörk þess eigi síður óglögg.

Eins og málið liggur fyrir, verður að álitu dómsins einvörðungu leyst úr ágreiningnum með því að skýra landamerkjabréfin sjálf, svo sem kostur er á.

Fyrst er að geta þess, að bæði bréfin eru undirrituð og þinglesin ágreiningslaust. Í upphafsmálgrein Oddabréfs er hornmarkið við Ytri-Rangá staðsett þannig: „Á móts við Bjólubæ.“ Þessi staðarákvörðun Oddabréfs kemur heim við Selalækjarbréfið, sem táknar þenna stað með orðunum: „móts við Bjólu“. Verður því eigi annað betur séð en að bréfin séu samhljóða um það, að hornmarkið skuli vera gegnt Bjólu. En þegar Oddabréfið í lokin kemur aftur að þessu hornmarki, sem það fyrr hafði afmarkað, eins og áður segir, kveður það svo á, að merkin liggja frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhending í Bjólubæ, en minnst ekki á hornmarkið móts við Bjólubæ né á vörðurnar tvær, sem Selalækjarbréfið getur um. Og þegar nánar er aðgætt, er hornmarkið alls ekki á móts við Bjólu, ef sjónhendingarlínan ræður, heldur mun norðar, og er þessa munar áður getið. Þetta ósamræmi innan Oddabréfsins um hornmarkið verður ekki skýrt með öðru móti en því, að sjónhendingarlínunni hafi verið ætlað að ná hinu fyrr staðsetta hornmarki og þá að sjálfsögðu vörðunum tveimur móts við Bjólu. Að öðrum kosti væri með öllu óskiljanleg undirskrift fyrirsvarsmanns Oddajarða undir Selalækjarbréfinu með sérstöku tilliti í fyrsta lagi til afskiptaleysis fyrirsvarsmannsins, eftir að hann hafði gert athugasemdir við þinglestrarskjalið á rskj. nr. 4, og í öðru lagi til orðalagsins í Oddabréfinu „á móts við Bjólubæ.“ Auk þessa skal tekið fram: Sé staðið hjá vörðunni á Smalaskálaholti, mætti jafnvel ætla, að sjónhendingarlína þaðan í Bjólubæ næði hornmarkinu á móts við Bjólu. Línan er það löng yfir Oddaflóð, en fjarlægðin milli hinna tveggja hornmarka að tiltölu lítil. Svo kemur og það til, að vörðurnar munu lítt eða alls ekki hafa sézt af Smalaskálaholti.

Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komizt að ákveða hornmarkið við Ytri-Rangá á móts við Bjólu. Hitt er svo eftir að ákveða nánar, hvar á móts við Bjólu það skuli vera. Orðalagið á móts við Bjólu er að sjálfsögðu nokkuð *teygjanlegt* og vart með því unnt að ná hinnu fyllstu staðarákvörðun, ef eigi kemur annað til. Hefur vörðunum væntanlega verið ætlað að skera nánar úr um staðinn. Þústir þær, sem fyrr eru

nefndar, eru ekki svo að fullu sé sannað vörður þær, sem Selalækjarbréfið getur um. Hins vegar verða þær réttilega taldar vera á móts við Bjólu og ekki hefur tekizt að færa fram neinar líkur fyrir öðrum kennileitum líklegri sem markavörðum. Verður því eftir atvikum að álita, að alls eigi geti neinu verulegu skeikað frá hornmarki því, sem bréfin eru samhljóða um að sé á móts við Bjólu, þótt við þessar þústir verði miðuð landamerkjalinan frá vörðunni á Smalaskálaholti.

Þegar alls þessa er gætt, þykir verða að ákveða hina umþráttuðu markalínu þannig:

Merkjum ráði lína, dregin frá vörðunni á Smalaskálaholti í efri þústina á Ytri-Rangárþökkum móts við Bjólu, úr þeirri þúst um hina neðri út í Rangá. Þá þykir rétt að skylda aðilja sameiginlega til að hlaða upp sem landamerkjavörður umræddar tvær þústir, og skulu þeir hafa gert það fyrir árslok 1949.

Málskostnaður ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður dómenda .....	kr. 200.00
2. Þóknun til dómenda kr. 280.00 til hvors .....	— 840.00
3. Uppdráttargerð .....	— 150.00
4. Vitnakostnaður .....	— 50.00

Samtals kr. 1240.00,

og virðist eftir atvikum rétt, m. a. þegar tekið er til greina, hversu mjög hefur gætt óvissu um merkin á hinu umþráttuða svæði, að dæma aðilja til að greiða þenna kostnað að hálfu hvorn. — Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin umþráttuðu landamerki milli Oddajarða og Selalækjar ákveðast þessi:

Frá vörðunni á Smalaskálaholti í eystri þústina í austurbakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Frá þessari þúst um hina vestri þúst út í Ytri-Rangá. Innan ársloka 1949 skulu aðiljar sameiginlega hlaða upp þústirnar sem landamerkjavörður.

Sóknaraðili, sr. Arngrímur Jónsson í Odda f. h. Oddajarða, og varnaraðili, Jón Egilsson á Selalæk, greiði að hálfu hvor kostnað við merkjadóminn, að upphæð kr. 1240.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans.